

Fundargerð 25. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 21. mars 2016, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Johan D Jónsson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Ásgeir Eiríksson, Hanna María Kristjánsdóttir, Gísli Heiðarsson, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður H. Aradóttir Braun (Markaðsstofa Reykjanes). Guðlaugur H. Sigurjónsson sat fundinn sem gestur.

1. Umsóknir um lóð fyrir þjónustumiðstöð við Reykjanesvita

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar þar sem ekki hefur gefist nægur tími til að ræða við alla umsækjendur.

2. Vorfundur EGN Coordination Committee

Dagana 17. og 18. mars fór fram vorfundur EGN Coordination Committee í Basque Coast Geopark á Spáni. Fundinn sóttu Eggert Sólberg Jónsson verkefnastjóri og Sverrir Guðmundsson frá Keili. Eggert sagði frá því helsta sem rætt var um á fundinum. Stjórnin leggur til að Reykjanes Geopark taki frumkvæði í því að auka skilning og þekkingu á tengingunni við UNESCO og bjóða íslensku UNESCO nefndinni og öðrum íslenskum geopörkum að standa fyrir málþingi um tenginguna við UNESCO.

3. Aðalfundur Reykjanes jarðvangs 2016 og breytingar á samþykktum

Farið yfir breytingatillögur á samþykktum Reykjanes jarðvangs ses. Aðilum að Reykjanes Geopark, öðrum en sveitarfélögunum, er falið að koma með tillögu að þremur fulltrúum í stjórn á næsta fundi stjórnar. Samþykkt að aðalfundur Reykjanes jarðvangs ses. fari fram í haust.

4. Styrkir úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja

Reykjanes Geopark fékk styrk að upphæð 2.000.000 kr. úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til að auka sýnileika UNESCO innan svæðisins. Að auki var Reykjanes Geopark aðili að tveimur öðrum verkefnum sem fengu styrki úr sjóðnum, þ.e. Átthagastofu sem fékk styrk að upphæð 500.000 kr. og að gerð fuglaskoðunarkorts sem fékk styrk að upphæð 2.000.000 kr.

5. Uppbygging gestastofa í Reykjanes Geopark

Verkefnastjóri sagði frá þróunarverkefni um endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna, stöðu verkefnisins og næstu skrefum.

6. Vegtenging við Gunnhver

Rætt um slæmt ástand vegtengingarinnar við Gunnhver. Verkefnastjóri sagði frá því að Reykjanes Geopark, Reykjanesbær og Grindavíkurbær hafi sótt um styrk til Vegagerðarinnar til úrbóta á veginum.

7. Gönguleið að Hafnabergi

Rætt um ástand gönguleiðarinnar að Hafnabergi og nauðsyn þess að grjóthreinsa hana í sumar. Verkefnastjóra falið að ræða um framkvæmd verkefnisins við Reykjanesbæ.

8. Malarnám innan Reykjanes Geopark

Johan vakti athygli á malarnámi innan Reykjanes Geopark. Rætt um stöðu mála.

9. Útbreiðsla lúpínu innan Reykjanes Geopark

Johan vakti athygli á landnámi lúpínunnar við Vogastapa og víðar á Reykjanesskaga. Rætt um stöðu mála.

10. Könnun á upplifun ferðamanna í Reykjanes Geopark

Verkefnastjóra falið að halda áfram viðræðum við þá sem sinna rannsóknum á hegðun og upplifun ferðamanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50.

Fundargerð ritaði: ESJ